



Borgarnesi 23. október 2024

Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur á undanförrnum árum reynst erfitt að manna stöður sérfræðinga (lækna og hjúkrunarfólks) á ákveðnum svæðum og starfsstöðvum HVE.

Starfshópur á vegum SSV hefur verið að störfum til greina með hvaða hætti sveitarfélög á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands geta komið að því að liðka fyrir og aðstoða við mönnun sérfræðinga á þessum svæðum.

Í hópunum sitja Haraldur Benediktsson, Sigrún Ólafsdóttir og Kristinn Jónasson, auk þess sem Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður, hefur setið fundi með hópnum.

Markmið hópsins er að leita svara við því hvað stjórnvöld þurfa að gera betur, hvað HVE getur gert betur og hvernig sveitarfélögin geta lagt verkefninu lið.

Hópurinn fundaði m.a. með stjórnendum HVE og öðrum sérfræðingum til að móta hugmyndir um verkefni sem væri unnið í samstarfi SSV, sveitarfélaganna og HVE.

Í Lögum um menntasjóð íslenskra námsmanna nr. 60/2020, VII. kafla er kveðið á sérstaka ívilnun námsgreina á sérstökum svæðum í 28. gr. þar sem fram kemur að ráðherra er heimilt að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á skilgreindum svæðum. Háskóla, -iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt skilgreiningar Byggðastofnunar og allar starfsstöðvar HVE utan Akraness, falla innan svæða sem heimilt er að auglýsa ívilnanir á. Skilyrði fyrir beitingu ívilnunar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. er að fyrir liggi tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólk í byggð sinni.

Meðfylgjandi er minnisblað sem hópurinn hefur samþykkt og óskað er eftir að sveitarfélög á Vesturlandi taki minnisblaðið til umfjöllunar og taki afstöðu sérstaklega til þeirra hugmynda vinnuhópsins er lúta að mögulegri aðkomu einstakra sveitarfélaga að þessu verkefni.

Virðingarfallst,

Páll S. Brynja

Páll S. Brynjarsdóttir,
Framkvæmdastjóri SSV